

Barnatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 303 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í skilmálum hennar, Almennum skilmálum Sjóvár og á tryggingarskirteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Barnatrygging er samsett trygging sem verndar barnið fyrir framtíðartekjutapi sem slys eða alvarlegir sjúkdómar geta valdið auk þess sem hún kemur til móts við foreldra sem verða fyrir tekjumissi og ófyrirséðum kostnaði vegna veikinda andláts barna.



Hvað er tryggt?

Framtíðarvernd greiðir barni bætur vegna:

- ✓ Læknisfræðilegrar örorku af völdum sjúkdóms eða slyss.

Aðlögunarvernd greiðir:

- ✓ Bætur ef veikindi eða slys leiða til þess að barnið verði metið til læknisfræðilegrar örorku.

Umönnunarvernd greiðir:

- ✓ Bætur til forráðamanns ef barnið þarf að liggja á sjúkrahúsi eða þarfnast sólarhrings-aðhlyningar á heimili.
- ✓ Styrk ef barn þarf að gangast undir læknis-aðgerð erlendis.

Sjúkdómavernd greiðir bætur ef barnið greinist með:

- ✓ Krabbamein.
- ✓ MS-Sjúkdóm.
- ✓ Sykursýki 1.
- ✓ Alvarleg brunasár.
- ✓ Slímseigusjúkdóm (Cystic fibrosis).
- ✓ Liðagigt.
- ✓ Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps.
- ✓ Sáraristilbólgu (Colitis Ulcerosa).
- ✓ Crohn's sjúkdóm.
- ✓ Heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar.
- ✓ Góðkynja heilaæxlis
- ✓ Líffæraflutninga
- ✓ Lokastigs nýrnasjúkdóms

Líftryggingarvernd greiðir bætur ef:

- ✓ Barnið deyr á gildistíma tryggingarinnar.



Hvað er ekki tryggt?

Framtíðarvernd greiðir ekki bætur:

- × Vegna slysa sem teljast ekki vera af völdum skyndilegs og óvænts atburðar.

Aðlögunarvernd greiðir ekki:

- × Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem er metin lægri en 10%.

Umönnunarvernd greiðir ekki bætur:

- × Ef áður hefur verið greitt vegna aðhlyningar af völdum sama sjúkdóms eða slyss.
- × Vegna læknisaðgerða sem eru framkvæmdar hér á landi.

Sjúkdómavernd greiðir ekki bætur:

- × Vegna setbundinna krabbameina.
- × Ef einkenni frá taugakerfi vara skemur en í sex mánuði.
- × Ef insúlínmeðhöndlun stendur í þrjá mánuði eða skemur.
- × Vegna brunasára sem ná ekki 3. stigi.
- × Vegna skammvinnis lungnasjúkdóms.
- × Vegna liðbólga af völdum sýkingar.
- × Vegna sáraristilbólgu og Crohn's sjúkdóms sem eru ekki greind af sérfræðingi.
- × Vegna heilahimnubólgu af völdum sníkju-
- × Vegna æxlis í heiladingli
- × Ef lækning með öðrum hætt en líffæra-Flutningi er möguleg
- × Vegna afturkræfrar nýrnabilunar.

Líftryggingarvernd greiðir ekki bætur vegna:

- × Sjúkdóma sem sýndu einkenni áður en trygg-ingin tók gildi.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Váttryggingin nær ekki til barna sem eru yngri en eins mánaða eða eldri en 20 ára.



Hvar gildir tryggingin?

Barnatrygging gildir hvar sem er í heiminum.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi við móttöku skriflegrar og fullbúinnar umsóknar frá þér, að því gefnu að hún verði samþykkt. Með skriflegri umsókn er líka átt við þegar sótt er um rafrænt.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift og gildir hún strax við móttöku.